

Aðalfundur Skógræðingafélags Íslands 2009

Félagsheimili Þróttar, Laugardal, Reykjavík.

16. apríl 2009. 17:15-18:30.

Mættir: Björgvin Eggertsson, Harpa Dís Harðardóttir, Bjarni Diðrik Sigurðsson, Helgi Gísli, Arnór Snorra, Lárus Heiðarsson, Björn B. Jónsson, Brynjar Skúlason, Þorbergur Hjalti Jónsson, Valgerður Erlingsdóttir, Einar Gunnarsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Sigvaldi Ásgeirsson, Hrönn Guðmundsdóttir, Böðvar Guðmundsson, Johan Holzt, Hrefna Jóhannesdóttir, Valdimar Reynisson, Sigurður Blöndal, Rakei Jakobína Jónsdóttir, Sigríður Elefsen, Else Möller.

Aðalfundur hafði verið boðaður með meira en tveggja vikna fyrirvara og því lögmætur. Með fundarboði var kynning á breytingum á lögum félagsins sem varðar val í stjórn (sjá síðar).

Arnór Snorrason var fundarstjóri, Bjarni Diðrik Sigurðsson ritari.

1. **Skýrsla stjórnar fyrir árið 2008 var flutt.** Stjórn sem öll var valin á síðasta aðalfundi eru Björgvin (formaður), Harpa (gjaldkeri) og Bjarni Diðrik (ritari), auk Böðvars sem er varamaður.
 - a. Í félaginu eru nú 21 félagsmenn – þar af 18 skógræðingar og 3 skógtækna.
 - b. Stjórn hafði haft tvo formlega stjórnarfundi á árinu.
 - c. Sent var fréttabréf til allra félagsmanna í desember 2008, ásamt áminningu um að greiða félagsgjöldin fyrir árið 2008. Treglega hefur gengið að innheimta félagsgjöldin.
 - d. Stjórn hefur undanfarið unnið að uppsetningu heimasíðu fyrir félagið og er búið að kaupa lén www.skogfraedi.is – auk þess sem netfang félagsins verður væntanlega stjorn@skogfraedi.is. Heimasíðan er langt komin og var meiningin að opna hana formlega á Fagráðstefnu skógræktar 2009, en það náðist ekki. Hún kemst vonandi í loftið í vor.
 - e. Eitt fræðslunámskeið var skipulagt á árinu í samstarfi við Lbhí. Um er að ræða tölfræðinámskeið fyrir vísindamenn í skógræktargeiranum og fleiri. Námskeiðið fylltist fljótt og fram fer núna í byrjun maí (2009).
 - f. Skógræðingafélagið á aðild að félaginu Græna geiranum. Björgvin sat aðalfund þess félags þann 15. apríl fyrir okkar hönd.

2. **Skýrsla Námsmatsnefndar fyrir árið 2008 var flutt.** Í Námsmatsnefnd sitja Arnór Snorrason, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Þorbergur Hjalti Jónsson.
 - a. Tvær umsóknir um aðild að félaginu bárust með – önnur afgreidd inn...
 - b. Á síðasta aðalfundi var Námsmatsnefnd falið að taka saman lista yfir þá skógræðinga og skógtækna sem þeir teldu hæfa til inngöngu í félagið og stjórn myndi síðan senda þeim bréf og byðu þeim að ganga beint í félagið með því að greiða árgjaldið og sleppa þar með að sækja formlega um aðild að félaginu. Námsmatsnefnd lagði fram þennan lista sem inniheldur 35 nöfn.

Arnór lagði fram þá tillögu að stjórnin fari yfir listann og staðfesti mat námsmatsnefndar og bjóði þeim síðan aðild að félaginu án frekari faglegs mats (í raun sama tillaga og samþykkt var á aðalfundi 2008).

Borið undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. **Endurmenntunarnefnd** hefur ekki fundað á árinu. Björn B. Jónsson kynnti að Suðurlandsskógar og Endurmenntunarnefnd muni ekki bjóða upp á Danmerkurnámskeiðið á þessu ári vegna efnahagsástandsins. Hann kynnti einnig að Suðurlandsskógar í samvinnu við félagið hefði sótt um og fengið Evrópustyrk fyrir endurmenntunarferðum 11 aðila til útlanda. Hann hvatti félagsmenn að hafa samband.
4. **Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins**, sem voru yfirfarnir af Böðvari Guðmundssyni.
 - a. Ábending kom fram um að útistandandi skuldir eiga að koma fram á reikninginn í framtíðinni.
 - b. Lagt var til að árgjald verði óbreytt, en innheimtuaðgerðir hertar í framtíðinni. Samþykkt með öllum atkvæðum.
 - c. Ársreikningur lagður undir atkvæði. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
5. **Lagabreytingar**. Nauðsynlegt er að breyta orðalagi 9. greinar félagsins um val stjórnarmanna vegna þeirra breytinga sem samþykktar voru á aðalfundi 2008 (að stjórn ætti að sitja í tvö ár með fulltrúum í sama landshluta/svæði, til að auðvelda stjórnarfundi og félagsstarf.

9. grein hljóðaði:

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi. Ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Formaður er kosinn beinni kosningu á aðalfundi. Ef atkvæði falla jafnt á tvo menn, ræður hlutkesti úrslitum. Kjörtími formanns og meðstjórnenda er tvö ár, þó skal skipta um annan meðstjórnanda að fyrsta ári liðnu, og síðan árlega um annan þeirra eftir tveggja ára setu. Ekki má kjósa menn í stjórn oft en þrisvar í röð. Einnig skal kjósa einn varamann í stjórn. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum og skal annar meðstjórnenda vera gjaldkeri félagsins en hinn ritari.

Stjórn lagði fram eftirfarandi breytingu á orðalagi:

*Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi. Ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Formaður er kosinn beinni kosningu á aðalfundi. Ef atkvæði falla jafnt á tvo menn, ræður hlutkesti úrslitum. Kjörtími formanns og meðstjórnenda er tvö ár og **skal þeim öllum skipt út á sama tíma eftir tveggja ára stjórnarsetu**. Einnig skal kjósa einn varamann í stjórn. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum og skal annar meðstjórnenda vera gjaldkeri félagsins en hinn ritari.*

Breytingartillag var lögð fram á fundinum um að þriggja ára reglan yrði áfram látin gilda, ef einhver t.d. flytti á milli landshluta og teldist því hæfur til stjórnarsetu áfarm.

*Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi. Ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Formaður er kosinn beinni kosningu á aðalfundi. Ef atkvæði falla jafnt á tvo menn, ræður hlutkesti úrslitum. Kjörtími formanns og meðstjórnenda er tvö ár og **skal þeim öllum skipt út á sama tíma eftir tveggja ára stjórnarsetu**. Ekki má kjósa menn í stjórn oftari en þrisvar í röð. Einnig skal kjósa einn varamann í stjórn. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum og skal annar meðstjórnenda vera gjaldkeri félagsins en hinn ritari.*

Samþykkt með breytingatillögu með öllum greiddum atkvæðum.

6. Stjórnarkjör og kjör í önnur trúnaðarstörf á vegum félagsins.

- a. **Stjórn.** Öll stjórnin situr áfram til næsta aðalfundar, skv. lagabreytingunni sem samþykkt var, en þá lætur hún öll af störfum.
- b. **Námsmatsnefnd.** Arnór Snorrason og Aðalsteinn Sigurgeirsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Þorbergur Hjalti Jónsson, Sigvaldi Ásgeirsson og Einar Gunnarsson voru kosnir í námsmatsnefnd með öllum greiddum atkvæðum.
- c. **Endurmenntunarnefnd.** – óbreytt nefnd endurkosin með öllum greiddum atkvæðum. Formaður hennar er Björn B. Jónsson.

7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Böðvar Guðmundsson og Hreinn Óskarsson kosnir aftur sem skoðunarmenn reikninga.

8. Áætlun um störf næsta árs.

- a. Koma heimasíðu félagsins í loftið – og auka með henni sýnileika félagsins og efla samskipti og fréttáflutning bæði innan félags sem utan.
- b. Fjölskylduferð í Haukadal er ráðgerð í síðustu viku júní (26-28 júní). Hún verður auglýst betur síðar.
- c. Stjórn hvetur aðra félagsmenn að skipuleggja hestaferð með svipuðu sniði og gert var 2006 og 2007.
- d. Annað fræðslunámskeið er í undirbúningi í samstarfi Skógfræðingafélagsins og Lbhí. Það er jarðvegsfræðinámskeið fyrir skógfræðinga og fleiri. Ráðgert í haust (2009). Verður auglýst betur síðar.
- e. Stjórn leggur til að skuldlausir félagsmenn verði styrktir á þau námskeið sem félagið stendur fyrir.

9. Önnur mál

- a. **Verklag við opinberar ályktanir.** Bjarni Diðrik tók upp umræðu um hvernig/hvort stjórn þyrfti að afla sér einhverskonar umboðs frá félagsmönnum áður en hún ályktaði opinberlega um fagleg málefni sem ef til vill gætu orðið umdeild innan félagsins – til dæmis á væntanlegri heimasíðu félagsins. Umræður urðu um málið og voru fundarmenn sammála um að mjög mikilvægt væri að félagið hefði „skoðanir“ á faglegum málefnum á opinberum vettvangi – en um leið að það væri nauðsynlegt að afla umboðs/samþykkis félagsmanna.

Stungið var upp á eftirfarandi vinnulagi:

Ef stjórn telur að félagið eigi að álykta opinberlega um fagleg málefni sem ef til vill verða umdeild meðal félagsmanna ber henni að senda ályktunina með tölvupósti á alla félagsmenn áður en hún er birt og biðja þá að greiða atkvæði með eða á móti birtingu hennar. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður hvort ályktun stjórnar verður birt.

Þetta er að svo komnu það vinnulag sem núverandi stjórn hyggst beita, en hvetur jafnframt til að framtíða stjórnir komi þessu eða öðru verklagi sem þær kjósa inn í lög félagsins.

- b. **Póstfang félagsins.** Það er ekki gott fyrir félag að pósthólf þess og lögheimili sé stöðugt að breytast (þegar það flyst á tveggja ára fresti). Það leysir ekki vandamálið að félagið hafi pósthólf, því sum bréf (t.d. frá bönkum) eru ávallt send á lögheimili. Harpa lagði það til að lögheimili skógræðingafélagsins verði flutt á skrifstofu Suðurlandsskóga og verði þar til framtíðar. Starfsmenn tilbúnir að annast að senda póstinn áfram á framtíða stjórnir. Samþykkt með öllum atkvæðum.
- c. Björn B. Jónsson skorar á Landbúnaðarháskólann að halda áfram að muna eftir félaginu þegar endurmenntunarnámskeið eru haldin og faglegir fyrirlestrar og aðrir viðburðir eru skipulagðir.
- d. Gunnarssjóður. Björn B. Jónsson kynnti að hann hefði verið í sambandi við fjölskyldu Gunnars heitins Freysteinsonar um að félagið gerðist verndari sjóðsins og nýtti hluta hans m.a. til endurmenntunarmála. Fjölskyldan hefur tekið vel í það. Alls eru um 440 þ kr í sjóðnum.

Tillaga var lögð fyrir fundinn:

Félagið bjóðist til að varðveita Gunnarssjóð og verði jafnframt verndari Gunnarslundar í Haukadal til framtíðar. Stjórn bjóðist til að semja reglur um hvernig úthlutanir úr sjóðnum fari fram í samráði við fjölskyldu Gunnars.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum – og jafnframt var ákveðið að fjölskylduferð sumarsins yrði í Haukadal þar sem félagsmenn gætu m.a. hugað að Gunnarslundi.

- e. Stjórnarskipti undirbúin. Rætt var um á hvaða svæði stjórnin ætti að flytjast til næst. Félagsmenn sammála um að SV-hornið yrði næst fyrir valinu.

Fundi slitið.